



Fundargerð

**37. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 19. mars 2025, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Karl Ölvirsson, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 297. fundar skipulagsnefndar UTU - 2503001

Lögð fram fundargerð 297. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 221. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Ás 1 L165257; Ás 1 spilda 1 L220759; Sameining landeigna og breytt stærð - 2502063.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 02.02.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar sameiningu landeigna. Óskað er eftir að sameina Ás 1 spildu 1 L220759 við jörðina Ás 1 L165257 sem verður 41,9 ha eftir sameiningu skv. meðfylgjandi merkjalýsingu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða afmörkun og breytta skráningu lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-221 - 2502004F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-221.

2. Fundargerð 298. fundar skipulagsnefndar UTU - 2503018

Lögð fram fundargerð 298. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 222. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Ás 2 (L165258); byggingarheimild; útihús - 2502081.

Móttekin var umsókn þann 24.02.2025 um byggingarheimild fyrir 100,7 m² útihús á jörðinni Ás 2 L165258 í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 31; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-222 - 2502006F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-222.

3. Fundargerð 87. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2503005

Lögð fram fundargerð 87. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti ársreikning Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir rekstrarárið 2024, skv. bókun stjórnar í 1. dagskrárlið.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the number 234.

Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

4. Vinnufundur hreppsnefndar 10. mars 2025 - 2503013

Lagt fram minnisblað vegna vinnufundar hreppsnefndar Ásahrepps sem haldinn var 10. mars 2025.

Til kynningar.

5. Fundargerð 9. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2503003

Lögð fram fundargerð 9. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.

Til kynningar.

6. Fundargerð 34. fundar stjórnar Odda bs. - 2503007

Lögð fram fundargerð 34. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

7. Minnisblað vegna fundar um mönnunarvanda HSU, 20. febrúar 2025 - 2502037

Lagt fram minnisblað vegna fundar sveitarfélaga í Rangárvallasýslu með HSU, sem haldinn var 20. febrúar 2025.

Til kynningar.

8. Fundargerð 243. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2502038

Lögð fram fundargerð 243. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

9. Fundargerð 331. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2503002

Lögð fram fundargerð 331. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

10. Fundargerð 21. fundar stjórnar Arnardrangs hses - 2502036

Lögð fram fundargerð 21. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

11. Fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2503009

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands ásamt starfsáætlun 2025.

Til kynningar.

12. Fundargerð 7. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2503010

Lögð fram fundargerð 7. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Til kynningar.

13. Fundargerð 82. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2503012

Lögð fram fundargerð 82. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

14. Fundargerð 81. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2503020

Lögð fram fundargerð 81. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

15. Fundargerð 964. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2503014

Lögð fram fundargerð 964. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

16. Fundargerð 965. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502039

Lögð fram fundargerð 965. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

17. Fundargerð 966. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502040

Lögð fram fundargerð 966. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

18. Fundargerð 967. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502041

Lögð fram fundargerð 967. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

19. Fundargerð 968. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502042

Lögð fram fundargerð 968. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

20. Fundargerð 969. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2502043

Lögð fram fundargerð 969. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Fundargerð 970. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2503004

Lögð fram fundargerð 970. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

22. Fundargerð 971. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2503015

Lögð fram fundargerð 971. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

23. Breytingar á samþykktum Bergrisans bs. - 2502007

Tillaga um breytingu á samþykktum Bergrisans bs. tekin til síðari og loka umræðu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu á samþykktum Bergrisans bs, fyrir sitt leyti.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HBT", "K.H.", "S.O.", "236", and "FE".

24. Njáludagar í Rangárþingi - 2502034

Lögð fram fyrstu drög að Njáludögum, sem Guðni Ágústson hefur stillt upp.

Hreppsnefnd Ásahrepps ræddi hugmyndir um verkefnið og list vel á hugmyndina. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við þetta verkefni á fjárhagsáætlun ársins. Nauðsynlegt er að fyrir liggi sem fyrst kostnaðaráætlun fyrir verkefnið sem geri einnig grein fyrir hvernig þeim kostnaði verði mætt.

25. Styrkbeiðni vegna æfinga- og keppnisferðar í borðtennis - 2502035

Lagt fram tölvuskeyti Bærings J. B. Guðmundssonar borðtennisþjálfara, dags. 14. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir styrk vegna þjálfunar- og keppnisferðar unglingslandsliðs Íslands í borðtennis til Svíþjóðar dagana 22. - 30. júní 2025. Þrír einstaklingar í hópnunum eru úr Ásahreppi. Kostnaður sem hver þátttakandi þarf að bera er kr. 80.000 en Borðtennissamband Íslands mun greiða annan kostnað vegna ferðarinnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja hvern þessara þriggja þátttakenda frá Ásahreppi um kr. 40.000, eða samtals kr. 120.000.

26. Samstarfsverkefnið Coming, Staying, Living - Ruralizing Europe - 2503008

Lagt fram bréf samtakanna Landsbyggðin lifir, dags. 4. mars 2025, þar sem verið er að kanna möguleika á samstarfi við sveitarfélög um verkefni sem á að skapa samtal milli íbúa og stjórnvalda við stefnumótun um þróun byggðalaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á hugmyndir samtakanna.

27. Ritstjórn Goðasteins - 2503011

Lagt fram tölvuskeyti frá Hörpu Rún Kristjánsdóttur, dags. 6. mars 2025, þar sem fram kemur að Hulda Brynjólfssdóttir hefur lokið störfum í ritnefnd Goðasteins. Þá vantar nýjan tengilið til að skrifa annál sveitarfélagsins sem gefinn er út árlega.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur oddvita og sveitarstjóra að finna nýjan fulltrúa Ásahrepps í ritnefndina. Jafnframt þakkar hreppsnefnd Huldu Brynjólfssdóttur fyrir sitt góða framlag við störf sín í þágu Goðasteins.

28. Styrkbeiðni vegna söngskrár Karlakórs Rangæinga 2025 - 2503016

Lagt fram tölvuskeyti Karlakórs Rangæinga, dags. 18. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til fjármögnunar söngskrár fyrir vortónleika 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 20.000.

29. Þingmál 101; Þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun nr. 24 152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 2503017

Lagt fram tölvuskeyti nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 6. mars 2025, þar sem þingmál 101; þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæði, er sent til umsagnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps tók til umræðu framlagða tillögu til þingsályktunar og komu ýmis sjónarmið fram í umræðunni sem lýtur að hugmyndum um Skrokkölduvirkjun, Urriðafossvirkjun og Kjalölduveitu. Oddvita og sveitarstjóra falið að fullvinna umsögn fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps í takt við umræðu og niðurstöðu hennar. Umsögn verði skilað inn til Alþingis.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HBT', 'K.H.', 'S.D.', 'J.J.', and 'M'.

30. Vinnustofa - kynning á fyrirhuguðum flutningum vegna vindmylla fyrir Vaðölduver - 2503019

Lagt fram tölvuskeyti Landsvirkjunar, dags. 13. mars 2025, þar sem kynnt er að fyrirhuguð vinnustofa miðvikudaginn 9. apríl 2025. Vinnustofan mun snúast um allt það sem huga þarf að í undirbúningi flutninga á vindmyllum og aðgerðir sem þurfa við flutningana sjálfa.

Oddviti og sveitarstjóri Ásahrepps mæta sem fulltrúar hreppsnefndar Ásahrepps á vinnustofuna.

31. Starfsmaður íþróttamiðstöðvar Laugalandi og sumaropnun sundlaugar 2025 - 2503022

Lögð fram tvö tölvuskeyti sveitarstjóra Rangárþings ytra, dags. 13. mars 2025, ásamt fylgiskjölum. Um er að ræða annarsvegar sumaropnun sundlaugarinnar á Laugalandi 2025 og hins vegar starfsmannamál íþróttamiðstöðvarinnar á Laugalandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps finnst það ekki góður kostur að skerða þjónustu á Laugalandi svona mikið, þó skilningur sé fyrir hendi er varðar litla nýtingu sundlaugarinnar á virkum dögum. Hreppsnefnd vill þó leggja áherslu á að mikil nauðsyn er að auka vakt og eftirlit hjá íþróttamiðstöðinni á Laugalandi og þörfin að aðkallandi þegar á þessari stundu. Miður er að bíða skuli með að auka við þann þátt fram á haustið þegar nýtt skólaár hefst.

Hreppsnefnd Ásahrepps er tilbúin að auka fjármagn til reksturs íþróttamiðstöðvarinnar á Laugalandi þegar í stað til að auka umsjón og eftirlit ásamt því að skerða minna opnun sundlaugarinnar næsta sumar.

Hreppsnefnd Ásahrepps vill beina því til sveitarstjórnar Rangárþings ytra hvort ekki væri skynsamlegt að einn fulltrúi Ásahrepps hefði seturétt á fundum Heilsu-, íþrótt- og tómstundanefndar Rangárþings ytra þegar til umræðu eru sameiginleg málefni sveitarfélaganna og unnar stefnumótandi tillögur.

32. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 28. febrúar 2025.

Til kynningar.

33. Úthlutun úr Landbótasjóði - 2503006

Lagt fram bréf Lands og skóga, dags. 3. mars 2025, þar sem kynnt er úthlutun úr Landbótasjóði 2025 til Ásahrepps. Úthlutunin er kr. 3.339.000 sem nýttur verður í dreifingu tilbúins áburðar.

Til kynningar.

34. Þakkar- og hvatningarbréf mennta- og barnamálaráðherra vegna fyrirlagningar PISA 2025 - 2503021

Lagt fram þakkar- og hvatningarbréf mennta- og barnamálaráðherra, dags. 13. mars 2025, vegna fyrirlagningar PISA 2025.

Til kynningar.

35. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 16. apríl 2025. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps og hefst kl. 8:30.

Til kynningar.

HBA BI KKH
S. D. SJ W

Fundi slitið kl. 11:00.

Ísleifur Jónsson

Ísleifur Jónsson

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Karl Ölvirsson

Karl Ölvirsson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson